

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Úthlið 2, L167181, afmörkun lóðar, Vörðás 6.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Úthliðar 2, L167181. Breytingin felst í afmörkun nýrrar 3.442,8 m² lóðar sem fær staðfangið Vörðás 6. Aðkoma að lóðinni er frá Laugarvatnsvegi (nr. 37) og þaðan um aðkomuveg sem liggur um frístundabyggðina. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. febrúar 2026.

Deiliskipulag, Ærhúsbakki, L235706, skilgreining svæðis.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Ærhúsbakka, L235706. Í tillögunni felst m.a. skilgreining þriggja byggingarreita. Heimilt er að reisa íbúðarhús á byggingarreit nr. 1 og 2 en á byggingarreit nr. 3 er heimilt að byggja við núverandi fjárhús eða reisa útihús, s.s. gróðurhús, gripahús og skemmu/vélageymslu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. febrúar 2026.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 26. febrúar 2026